

# Fjarnám í heimspekideild

## Tillögur nefndar deildarráðs

Á fundi sínum 6. janúar 2004 skipaði deildarráð heimspekideildar þá Eirík Rögnvaldsson, Eggert Þór Bernharðsson og Matthew Whelpton í nefnd um fjarnám í deildinni. Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar skyldi hlutverk hennar vera „að fara yfir fjarnám í deildinni og vinna tillögu að stefnumörkun, ásamt því að gera tillögu að vinnumatí fyrir fjarnámsnámskeið, fyrirkomulagi fjarnáms og almennum vinnuáðferðum við framkvæmd þess“. Nefndin hefur nú lokið störfum, og fer álit hennar hér á eftir. Meginatriði þess má draga saman í eftirfarandi punkta:

- **Markmið:** Að unnt verði að ljúka BA-prófi frá heimspekideild í fjarnámi og taka allar stærstu greinar heimspekideildar í fjarnámi til a.m.k. 60 eininga (íslensku, sagnfræði, ensku, heimspeki, almenna bókmenntafræði).
- **Markhópur:** Annars vegar fólk utan Reykjavíkursvæðisins (þ. á m. erlendis); hins vegar fólk á Reykjavíkursvæðinu sem ekki getur sótt venjulega kennslu vegna vinnu eða annars.
- **Kennsluáðferðir:** Efni á neti, umræðuþræðir, upptökur fyrirlestra (hljóð- eða myndbandsupptökur), talglærur, spjallrásir, fjarfundir, staðbundnar lotur – allt eftir viðfangsefni hverju sinni.
- **Greiðslur:** Sérstök greiðsla í upphafi (50% álag á grunnmat námskeiðs, þ.e. 24 stundir á einingu); síðan 0-2 reikniflokkar (0, 40 eða 80 stundir) ofan á grunnmat eftir því hvort og hversu mikið fjarnemum er sinnt umfram staðarnema.
- **Fjármögnun:** Sérstakt framlag til skorar í upphafi; úr þróunarsjóði rektors, Kennslumálasjóði eða annars staðar að. Síðan fjármagnað með greiðslu fyrir þreyttar einingar.

## 1. Sögulegt yfirlit

Fjarkennsla hófst við heimspekideild haustið 1999, þegar farið var af stað með tvö innangsnámskeið í íslensku. Þetta var gert vegna eindreginna tilmæla frá Rögnavaldi Ólafssyni, ráðgjafa rektors í fjarkennslumálum. Rektor lofaði skorinni 500 þúsund krónum til greiðslu á aukakostnaði vegna umræddra tveggja námskeiða. Upphaflega var hugmyndin að stefna að því að 45 eininga diplómanám í hagnýtri íslensku yrði í boði í fjarkennslu, og umrædd tvö námskeið töldust til þess.

Það kom þó fljótlega í ljós að fjarnemendur höfðu mun meiri áhuga á BA-námi en hagnýta náminu. Þess vegna samþykkti íslenskuskor í desember 1999 að breyta um stefnu og bjóða BA-nám í fjarkennslu. Í framhaldi af því voru kjarnanámskeið í íslensku kennd í fjarkennslu eitt af öðru. Frá vormisseri 2002 hefur einnig verið unnt að taka allnokkur valnámskeið í fjarnámi – 1-2 á hverju misseri. Nú þegar hefur einn nemandi lokið BA-prófi eftir að hafa tekið 60 einingar í íslensku í fjarnámi. Nokkrir til viðbótar eru á lokasperttinum í 90 eininga íslenskunámi.

Haustið 2003 hófst svo fjarkennsla í tveimur öðrum skorum deildarinnar; enskuskor og sagnfræðiskor. Í ensku hafa í vetur 15 einingar verið í boði í fjarnámi, og stefnt er að 30 einingum (þ.e. ensku sem aukagrein) næsta vetur. Í sagnfræði var aðeins eitt námskeið í boði, *Aðferðir I*. Það námskeið verður aftur í fjarkennslu næsta vetur, en ekki liggja fyrir frekari áform um fjarkennslu í sagnfræðiskor.

## 2. Markmið og markhópur

Það er ljóst að mikill áhugi og vaxandi áhugi er á fjarnámi í ýmsum greinum. Flestir skólar á háskólastigi bjóða nú verulega fjarkennslu, einkum þó Kennaraháskólinn og Háskólinn á Akureyri. Háskóli Íslands hefur hins vegar ekki verið áberandi á þessu sviði. Hér er þó ástæða til að minna á að þær greinar sem kenndar eru í heimspekideild eru ekki kenndar til gráðu við neinn annan skóla í landinu, þótt sumar þeirra séu hluti af námsgráðum við aðra skóla (kennaranámi við Kennaraháskólann og Háskólann á Akureyri, viðskiptanámi við Háskólann í Reykjavík). Þar sem Háskóli Íslands á að – og vill – þjóna landinu öllu má segja að siðferðileg skylda hvíli á honum að bjóða upp á fjarnám í þessum greinum, eftir því sem kostur er.

Einnig er rétt að hafa í huga að ásókn í hvers kyns sí- og endurmenntun fer ört vaxandi. Líklegt er að talsverður fjöldi vinnandi fólks, bæði á Reykjavíkursvæðinu og úti á landi, hafi áhuga á að taka einstök námskeið í heimspekideild til að bæta þekkingu sína á ákveðnum sviðum, eða sér til ánægju og yndisauka. Þetta er oftast fólk sem ekki getur með góðu móti sótt venjulega tíma, en gæti nýtt sér fjarkennslu.

Í þeim skorum þar sem fjarkennsla hefur verið í gangi hefur komið í ljós að nemendur eru úr tveimur hópum. Annars vegar „raunverulegir fjarnemar“, þ.e. fólk utan Reykjavíkursvæðisins (þ. á m. erlendis) sem ekki hefur tök á að sækja tíma. Hins vegar er fólk á Reykjavíkursvæðinu sem ekki getur sótt venjulega kennslu vegna vinnu eða annars. Nauðsynlegt er að taka afstöðu til þess hvort fjarnámið er sniðið að þörfum beggja hópanna eða aðeins þess fyrrnefnda. Sú ákvörðun hefur m.a. áhrif á það hvenær dagsins kennt er (ef gert er ráð fyrir að fjarnemum sé kennt gegnum fjarfundabúnað). Einnig skiptir þetta máli fyrir framboð fjarkennslu; þeir sem stunda nám með fullri vinnu eru tæpast í fullu námi líka.

Raunar virðast þarfir beggja hópanna fara að verulegu leyti saman, hvað þessa þætti varðar. Flestir fjarnemar utan Reykjavíkursvæðisins eru annaðhvort í vinnu eða með ung börn, og þeim hentar því illa að sækja tíma fyrri hluta dags. Helsta undantekningin eru fjarnemar sem búa erlendis; það eru helst makar námsmanna. Það fólk kysi oft að vera í fullu námi, og gæti vel sótt tíma fyrri hluta dags. Á móti kemur að þessi hópur getur ekki nýtt sér fyrirlestra í fjarfundabúnaði, þar sem þeir eru aðeins sendir til staða innanlands.

Að öllu samanlögðu telur nefndin sjálfsagt að miða að öðru jöfnu við báða hópana, þótt öðru máli kunní að gegna um einstök námskeið. Það þýðir að fjarkennsla með fjarfundabúnaði (fyrirlestrar og umræður) verður að jafnaði að vera eftir kl. 17, til að fólk í fullri vinnu geti nýtt sér tímana. Þar með er útilokað að samnýta tíma fyrir fjar- og staðarnema, sem getur vissulega haft í för með sér einhvern aukakostnað. Á móti kemur að með því að hafa tíma fyrir fjarnemendur fyrr á daginn væri verið að útiloka verulegan hluta markhópsins frá náminu. Það tekjutap sem af því hlytist fyrir deildina yrði án efa meira en sá aukakostnaður sem síðdegiskennsla hefur í för með sér.

Enskuskor leitast hins vegar við að sneiða hjá þessum vanda með því að nota fjarfundabúnað ekki í fjarkennslu, og hefur þeirri tilhögun verið tekið fagnandi af fjarnemum. Þess vegna mun skorin halda áfram að þróa kennsluhætti sem taka jöfnum höndum mið af þörfum fjar- og staðarnema, án þess að fjarfundabúnaður verði notaður nema sérstök þörf sé talin vera á, t.d. ef tal- og framburðarþjálfun yrði tekin inn í fjarnám.

Kennslu sem ekki styðst við fjarfundabúnað er augljóslega auðveldara að skipa á stundaskrá, en samt sem áður hyggst enska gera tilraun með verulega uppstokkun á skipan stundaskrár á komandi kennsluári, þar sem kennslu á öllu fyrsta árinu, sem mun bjóðast alfarið í fjarnámi, verður skipað inn á tvo samliggjandi daga í viku. Þetta

er gert til að auðvelda fjarnemum að sækja 2-3 staðbundnar lotur á hverju kennslumisseri. Þeim er ætlað að efla tengsl milli nemenda og kennara, og jafnvel að ná þar með fram meiri nánd en fjarfundabúnaður getur boðið upp á með öllu meiri kostnaði. Allar skorirnar eru þó sammála um að fjarfundabúnaður geti verið góður og jafnvel nauðsynlegur kostur þegar eðli kennslu og kennsluefnis réttlætir þann aukakostnað sem af honum hlýst.

Nefndin telur æskilegt að stefna að því að unnt verði að ljúka BA- námi frá heim-spekideild í fjarnámi og taka stærstu og fjölmennustu greinar deildarinnar í fjarnámi til a.m.k. 60 eininga. Hér er átt við a.m.k. fimm greinar; íslensku, sagnfræði, ensku, heimspeki og almenna bókmenntafræði. Þetta eru allt greinar sem búast má við að talsverður áhugi sé fyrir hjá fólki sem ekki getur sótt venjulega kennslu, og líklegt að nemendur yrðu nógu margir til að kennslan stæði undir sér. Það fer þó að sjálfsögðu eftir áhuga og vilja innan einstakra skora hvort og hvenær þessum markmiðum verður náð.

Að sjálfsögðu má efna til fjarkennslu í fleiri greinum, s.s. dönsku, þýsku, frönsku og spænsku, ef áhugi er fyrir hendi innan þeirra. Þar yrði þó að kanna mjög vel fyrirfram hversu mikill áhugi væri fyrir fjarnámi meðal nemenda.

### **3. Framboð og kennsluaðferðir**

Í þeim skorum sem þegar hafa tekið upp fjarnám koma fram mismunandi forsendur og markmið varðandi fjarkennslu. Með þeim kennsluaðferðum sem enskuskor notar getur hún boðið upp á fullt nám til aukagreinar frá og með næsta kennsluári. Á 2. ári í ensku eru tvö skyldunámskeið og vonar skorin að unnt verði að bjóða upp á þau í fjarnámi árið 2005-6, ef vel tekst til með þau námskeið sem bætast við á komandi hausti. Það myndi verulega auðvelda fjarnemum að taka ensku sem aðalgrein.

Í íslensku, þar sem stuðst hefur verið við fjarfundabúnað í flestum skyldunámskeiðum, er aðstaðan aftur á móti önnur. Vegna þess aukakostnaðar sem óhjákvæmilegur er við fjarkennsluna í íslensku er talið æskilegt að reynt sé, eftir því sem kostur er, að bjóða skyldunámskeið sjaldnar í fjarnámi en í staðarnámi, og bjóða aðeins sum valnámskeið í fjarnámi. Fjarnemar mega þannig gera ráð fyrir því fyrst um sinn að erfitt geti reynt að ljúka BA-námi á þremur árum. Til að auðvelda þeim að skipuleggja nám sitt er því mikilvægt að námsframboð í fjarnámi sé skipulagt 2-3 ár fram í tímann.

Kennsluaðferðir í fjarnámi hafa fram til þessa verið mjög fjölbreyttar. Í íslenskuskor, þar sem reynsla á þessu sviði er mest, hafa kjarnanámskeið flest verið kennd með gagnvirkum fjarfundabúnaði. Fjarnemar hafa því sótt sérstaka tíma utan venjulegs kennslutíma (milli kl. 17 og 19), en þeir tímar eru mun færri en í staðarnámi (helmingur eða jafnvel þriðjungur). Valnámskeið í íslensku hafa hins vegar flest verið kennd með svokallaðri „netstöð“. Með því er átt við að eins mikið efni og kostur er hefur verið gert aðgengilegt á netinu, og að auki hefur kennari samskipti við fjarnema með tölvupósti eftir efnum og ástæðum; hins vegar eru engir sérstakir tímar fyrir fjarnema. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með hljóðglærur og hljóð- og myndbands-upptökur í einstökum tímum.

Í enskuskor hefur verið leitast við að feta aðrar og ódýrari leiðir en sérstaka tíma fyrir fjarnema, eins og fram hefur komið. Skorin telur að með því að nýta alla kosti sem bjóðast til kennslu, að undanskildum gagnvirkum fjarfundabúnaði, njóti staðarnemar jafnt sem fjarnemar nútímalegra og framsýnna kennsluhátta og þannig sé betur tryggt að samræmi sé í kennslu einstakra námskeiða, þrátt fyrir að þau verði í höndum mismunandi kennara frá ári til árs. Á yfirstandandi ári hafa allir tímar verið teknir upp

á myndband og gerðir aðgengilegir á netinu, ásamt öðru kennsluefni, og hefur vefstuðningur aukist verulega í kennsluháttum allra námskeiða skólarinnar. Í stað þess að stefna fjarnemum reglubundið til funda með fjarfundabúnaði voru þeir kallaðir saman í upphafi sl. haustmíssis og sátu tíma fyrstu dagana.

Í sagnfræðiskor var umfangsmikið vefefni útbúið fyrir *Aðferðir I*, fyrirlestrar voru teknir upp á myndband og settir á netið, en umræðutímar voru gegnum fjarfundabúnað á venjulegum skólatíma, og voru staðarnemar einnig í þeim tímum.

Í sambandi við kennsluáðferðir verður að huga að tveimur meginþáttum sem geta rekist á. Annars vegar leggja fjarnemar yfirleitt mikla áherslu á sveigjanleika – vilja vera sem minnst háðir stað og stund. Efni á vef, hvort sem er lesefni, hljóðglærur, upptökur fyrirlestra eða annað, hentar mjög vel að þessu leyti. Á hinn bóginn telja fjarnemar yfirleitt líka að gagnvirkni og samband við kennarann (og aðra nemendur) sé mikilvægt. Til að koma til móts við þær óskir hafa einkum verið notaðir fjarfundir í íslensku- og sagnfræðiskor, en staðbundnar lotur í enskuskor, en tölvupóstur, umræðuþræðir á netinu, spjallrásir o.fl. þjóna þessum tilgangi einnig. Þetta getur verið mjög misjafnt eftir eðli námskeiða, og nefndin telur mikilvægt að skoðað sé vandlega hvaða kennsluáðferð henti í hverju námskeiði fyrir sig.

Nefndin mælir eindregið með því að fjarnemar séu kallaðir til fundar í upphafi hvers míssis, og hitti þá kennara, aðra fjarnema og einnig staðarnema. Æskilegt er að fjarnemar reyni að sækja tíma þegar og ef þeir koma því við, t.d. ef þeir eru á ferð í Reykjavík. Þá telur nefndin nauðsynlegt að fjarnemar sem eru komnir að því að skrifa BA-ritgerð komi a.m.k. einu sinni til fundar við leiðbeinanda sinn augliti til auglitis.

Nefndin telur einnig æskilegt að reynt sé að takmarka notkun fjarfundabúnaðar við kennslu þar sem gagnvirkni er nauðsynleg, og lögð verði áhersla á að nota upptökur í staðinn, þar sem því verður við komið. Bæði dregur þetta úr kostnaði og eins eykur það sveigjanleika námsins.

Nefndin leggur einnig áherslu á að fjarnámið á ekki að koma í stað hefðbundins staðarnáms. Hér á ekki að vera um tvo jafngilda valkosti að ræða; fjarnámið er ætlað þeim sem ekki eiga kost á því vegna vinnu eða búsetu að stunda hefðbundið nám. Því geta fjarnemar ekki gert ráð fyrir að fá alla sömu þjónustu og staðarnemar, og þeir verða að gera ráð fyrir því að þurfa að leggja meira á sig og bjarga sér meira sjálfir en staðarnemar.

#### **4. Greiðslur**

Í íslenskuskor hefur kennurum verið greitt fyrir fjarkennslu á þrennan hátt. Þegar námskeið er kennt í fjarkennslu (þ.e. með fjarfundum) í fyrsta skipti er greitt álag, yfirleitt kringum 50% á venjulegt vinnustundamat námskeiðsins. Eftir það er greitt 25% álag í slíkum námskeiðum. Í netstuddum námskeiðum, þar sem ekki eru sérstakir tímar fyrir fjarnema, hefur einum flokki (40 stundum) verið bætt við grunnmat námskeiða. Í enskuskor hafa kennarar fengið 50% álag fyrir að laga námskeið sín að þörfum fjarkennslunnar. Þar hefur að öðru leyti ekki verið gert ráð fyrir sérstakri aukagreiðslu vegna fjarkennslu, en þó telja enskukennarar að skoða verði þau mál sérstaklega í námskeiðum þar sem umræðutímar eru nauðsynlegir. Í sagnfræðiskor tók einn kennari að sér að umbreyta *Aðferðum I* gegn sérstakri greiðslu. Fyrir sjálfa kennsluna í námskeiðinu fengu kennarar greitt 40% álag á grunnmat námskeiðsins, og gert er ráð fyrir að við endurtekningu verði álagið 20%.

Í þessu sambandi vill nefndin benda á að notkun kerfa eins og WebCT og vefkerfis Háskólans gerir það að verkum að munur á kennsluáðferðum í fjarkennslu og venjulegri kennslu (staðarkennslu) hefur minnkað mikið. Nú er hægt að gera ráð fyrir

að þegar ný námskeið eru tekin upp séu þau sett inn í vefkerfið og margvíslegt efni þar með gert aðgengilegt öllum nemendum (námsáætlun, lesefni, verkefni, jafnvel fyrirlestrar). Á hinn bóginn er ljóst að þegar gróin námskeið eru tekin og löguð að þörfum fjarnema kostar slíkt verulega aukavinnu sem nauðsynlegt er að umbuna kennurum sérstaklega fyrir.

Nefndin telur nauðsynlegt að deildin komi sér upp rammareglum um greiðslu fyrir fjarkennslu, en einstakar skorir ráða síðan mati sinna námskeiða innan þess ramma, enda eru námskeiðin mjög ólík innbyrðis og kennsluhættir einnig. Lagt er til að námskeið með fjarnemum verði metin með fernu móti:

- a) Námskeið þar sem fjarnemum er ekki sinnt neitt sérstaklega, umfram staðarnema. Þetta geta t.d. verið námskeið þar sem allt efni er á vefnum, s.s. námskeið þar sem allir fyrirlestrar eru teknir upp. Í slíkum námskeiðum verða fjarnemar ekki skráðir neitt sérstaklega, reiknast inn í heildartölu nemenda, og geta á þann hátt haft þau áhrif að námskeiðið fari í hærri flokk vegna aukins fjölda. Að öðru leyti er ekki tekið tillit til fjarnema í mati námskeiðs til vinnustunda.
- b) Námskeið þar sem nokkur aukavinna felst í því að sinna fjarnemum, en þeir fá þó ekki sérstaka kennslu. Þetta geta verið námskeið þar sem fjarnemum er sinnt sérstaklega á ýmsan hátt umfram staðarnema, s.s. með verulegum tölvu- póstsamskiptum, símaviðtölum, netspjalli, staðbundnum lotum, einstöku fjarfundum o.fl. Þar verði einum flokki, 40 stundum, bætt við grunnmatið.
- c) Námskeið þar sem veruleg aukavinna felst í fjarkennslu. Þar er einkum um að ræða sérstaka kennslu í verulegum mæli, þ.e. fjarfundi. Einnig gæti verið um að ræða vinnufrekar staðbundnar lotur. Í þessum námskeiðum verði tveimur flokkum, 80 stundum, bætt við grunnmatið.
- d) Fyrir umbreytingu gróins námskeiðs vegna fjarkennslu, og kennslu námskeiðsins í breyttri mynd í fyrsta skipti, verði þrem flokkum, 120 stundum, bætt við grunnmatið á 5 e námskeiði, en 60 stundir leggist á 2,5 e námskeið. Það þýðir að 50% álagið tekur ekki mið af nemendafjölda, heldur leggst það á þær 240 stundir sem greiddar eru fyrir lágmarksfjölda nemenda í viðkomandi námskeiði.

Nefndin telur eðlilegt að þessi ákvæði verði felld inn í reglur deildarinnar um mat námskeiða til vinnustunda. Þar eru fyrir ákvæði um grunnmat námskeiða sem síðan getur hækkað vegna nemendafjölda og nauðsynlegrar hópaskiptingar. Fjarkennsla bætist þá við sem þáttur sem getur hækkað námskeið í mati. Hugsanlegt er að setja sérstök ákvæði um lágmarksfjölda fjarnema í námskeiðum sem falla undir liði b) og c).

## **5. Fjármögnun**

Fram til þessa hefur fjarkennsla í heimspekideild verið fjármögnuð á tvennan hátt; annars vegar með framlögum af þróunarfé rektors (í öllum greinunum þremur), hins vegar með styrk úr Kennslumálasjóði (í ensku). Ljóst er að í báðum tilvikum er fé veitt til uppbyggingar fjarkennslu og til að endurvinna námskeið, en ekki til þess að kosta reglubundna kennslu til frambúðar.

Í deililíkani Háskólans er ekki tekið neitt tillit til fjarkennslu. Ekki virðast vera miklar líkur á að því verði breytt á næstunni, þótt sjálfsagt sé að berjast fyrir því að svo verði. Nefndin telur því að forsenda fyrir því að fjarkennslu verði haldið áfram í heimspekideild sé sú að hún geti staðið undir sér innan ramma deililíkansins. Það

merkir að þær tekjur sem fjarnemar skila deildinni í formi þreyttra eininga verða að nægja til að greiða umframkostnað við fjarkennsluna.

Forsendur fyrir fjarkennslu í deildinni hafa gerbreyst á síðustu tveimur árum. Nú fylla allar skorir deildarinnar upp í kassa sína í deililíkaninu, þannig að öll fjölgun þreyttra eininga skilar tekjum til deildarinnar. Reyndar er mjög erfitt að fá það uppgefið hversu háar þær tekjur eru, en þó virðist hver þreytt eining umfram kassa skila a.m.k. þrjú þúsund krónum til deildarinnar. Þetta þýðir að hver nemandi sem tekur próf í fimm eininga námskeiði skilar 15 þúsund krónum til deildarinnar.

Reikna má með að aukakostnaður við eins flokks hækkun á námskeiðsmati sé að meðaltali um 100 þúsund krónur (talsvert lægri í námskeiðum sem stundakennarar kenna, nokkru hærrí í námskeiðum sem prófessorar í efri flokkum kenna). Því þurfa sjö nemendur að fara í próf til að hægt sé að greiða einn flokk ofan á grunnmat. Til að greiða tvo flokka þarf 13 nemendur. Nemendafjöldi umfram þetta skilar tekjum umfram kostnað til viðkomandi skorar.

Hér má til fróðleiks nefna að í tveim námskeiðum í íslenskuskor nú á haustmisseri luku yfir 20 fjarnemar prófi. Þetta voru skyldunámskeið sem ekki voru kennd árið áður, og nemendur því fleiri en ella. Þessir nemendur skila yfir 300 þúsund krónum í hvoru námskeiði, en aukakostnaður á hvort námskeið hefur varla farið yfir 150 þúsund (og er sennilega nokkru lægri). Hér skilar fjarnámið því talsverðum tekjum til skorarinnar.

Nefndin telur því að miðað við núverandi aðstæður geti greiðsla fyrir þreyttar einingar staðið undir kostnaði við fjarkennslu. Það er þó háð ýmsum atriðum:

- a) Deildin fái greitt fyrir allar þreyttar einingar; þ.e., ekki komi til þess að greiðslurnar verði skertar vegna þaks sem menntamálaráðuneytið hefur sett á fjölda nemendaígilda.
- b) Annar kostnaður en beinn kennslukostnaður verður að greiðast af öðrum (Kennslumiðstöð eða kennslusviði). Hér er t.d. átt við kostnað við upptökur fyrirlestra, kostnað vegna notkunar fjarfundabúnaðar o.s.frv.
- c) Fé til að kosta breytingu gamalgróinna námskeiða í fjarkennslunámskeið verður að fást annars staðar að, s.s. úr þróunarsjóði rektors eða Kennslumálasjóði.
- d) Reynt verði að safna sem mestum fjölda nemenda í fjarkennslunámskeið, t.d. með því að kenna námskeið bara annað hvert ár þar sem kostur er og bjóða bara sum valnámskeið í fjarnámi.
- e) Leitað verði leiða til að gera viðbótarvinnu við fjarkennslu sem minnsta og lækka þannig kostnað, t.d. með því að takmarka notkun fjarfundabúnaðar við umræðutíma.

Nefndin leggur til að teknar verði upp viðræður við háskólayfirvöld um liði a) - c), til að hægt sé að gera raunhæfar áætlanir um framtíð fjarkennslu í heimspekideild.

Reykjavík, 17. mars 2004

Eiríkur Rögnvaldsson

Eggert Þór Bernharðsson

Matthew Whelpton